

## 158 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 2. desember 2020 kl.09:30 í gegnum fjarfundabúnað.

Mætt voru; Lilja Ágústsdóttir, Bára Daðadóttir, Einar Brandsson, Brynja Þorbjörnsdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir, Eyjólfur I. Bjarnason, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson, Björn Hilmarsson, Atli Svansson. Guðrún Reynisdóttir mætti í forföllum Sifjar Matthíasdóttur. Auk þess sat fundinn Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV og ritaði fundargerð.

Lilja Ágústsdóttir, formaður SSV, setti fund kl.09:30

### 1. Fundargerð 157 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 157 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina

### 2. Haustþing SSV 2020

Lögð fram fundargerð frá Haustþingi SSV 2020. Stjórn staðfesti fundargerðina

### 3. Fundur með fjárlaganefnd

Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá fundi sem þau áttu með fjárlaganefnd Alþingis 9 nóvember s.l. Rætt um fundinn og þær áherslur sem þar komu fram, sem voru m.a. fjármál sveitarfélaga og jöfnunarsjóð, rekstur hjúkrunar- og dvalarheimila, opinber störf, nettengingar í þéttbýli og framlög til sóknaráætlana landshluta.

### 4. Erindi frá Samtökum fyrirtækja í ferðaþjónustu til sveitarfélaga á Vesturlandi

Rætt um erindi Samtaka fyrirtækja í ferðaþjónustu (SAF) til sveitarfélaga á Vesturlandi varðandi niðurfellingu fasteignagjalda á fyrirtæki í ferðaþjónustu. Stjórn samþykkti svohljóðandi bókun *Með bréfi dagsettu 13 október 2020 óskuðu Samtök fyrirtækja í ferðaþjónustu (SAF) eftir því að sveitarfélög á Vesturlandi myndi fella niður fasteignagjöld hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Á sameiginlegum fundi oddvita, bæjar- og sveitarstjóra á Vesturlandi, ásamt formanni og framkvæmdastjóra SSV, var samþykkt að stjórn SSV myndi svara erindinu sameiginlega fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi að fengnum viðbrögðum þeirra. Sveitarfélögin á Vesturlandi gera sér fulla grein fyrir erfiðleikum ferðaþjónustunnar á þessum tímum. Fasteignagjöld eru hluti af lögbundnum tekjum sveitarfélaga, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Sveitarfélög hafa lítið svigrúm til að bregðast við og heimild til breytinga eða frestunar greiðslu fasteignagjalda er háð skýrri lagaheimild. Ljóst er að sveitarfélögum landsins er því ekki heimilt*

*að afsala sér lögboðnum tekjum eins og fasteignaskatti. Auk þess yrði þá að mæta því með öðrum tekjum sem ekki blasa við nú. Staða sveitarfélaga á Vesturlandi er þröng og hugmyndir um slíkar breytingar á greiðslu fasteignagjalda eru grundvallaratriði, sem ekki verða ákveðin án samstöðu allra sveitarfélaga og aðkomu ríkisins.*

## **5. Erindi frá smærri fyrirtækjum og einyrkjum í ferðaþjónustu.**

Lögð fram yfirlýsing frá smærri fyrirtækjum og einyrkjum í ferðaþjónustu varðandi aðgerðir þeim til stuðnings vegna Covid 19. Stjórn SSV samþykkti svohljóðandi bókun: *Með bréfi dagsettu 13 október 2020 frá Jónu Fanney Svavarsdóttur, f.h smærri fyrirtækja í ferðaþjónustu var þess farið á leit að sveitarfélög á Vesturlandi myndi fella niður fasteignagjöld hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Á sameiginlegum fundi oddvita, bæjar- og sveitarstjóra á Vesturlandi, ásamt formanni og framkvæmdastjóra SSV, var samþykkt að stjórn SSV myndi svara erindinu sameiginlega fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi að fengnum viðbrögðum þeirra. Sveitarfélögin á Vesturlandi gera sér fulla grein fyrir erfiðleikum ferðaþjónustunnar á þessum tímum. Fasteignagjöld eru hluti af lögbundnum tekjum sveitarfélaga, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Sveitarfélög hafa lítið svigrúm til að bregðast við og heimild til breytinga eða frestunar greiðslu fasteignagjalda er háð skýrri lagaheimild. Ljóst er að sveitarfélögum landsins er því ekki heimilt að afsala sér lögboðnum tekjum eins og fasteignaskatti. Auk þess yrði þá að mæta því með öðrum tekjum sem ekki blasa við nú. Staða sveitarfélaga á Vesturlandi er þröng og hugmyndir um slíkar breytingar á greiðslu fasteignagjalda eru grundvallaratriði, sem ekki verða ákveðin án samstöðu allra sveitarfélaga og aðkomu ríkisins. Á Haustþingi SSV sem fór fram 16 október s.l. var komið inn á vanda smærri fyrirtækja í ferðaþjónustu, en þar segir „ Einnig vill haustþing minna á að það þarf að huga sérstaklega að einyrkjum og fjölskyldufyrirtækjum, sem jafnvel eru að reka sína þjónustu á eigin kennitölu og hafa því ekki getað nýtt sér úrræði stjórnvalda sem skildi.“*

Björn Hilmarsson kom á fundinn.

## **6. Umsóknir í C1 í byggðaáætlun**

Kynning á styrkumsóknum sem SSV sendi frá sér til Byggðastofnunar í aðgerð C1 í byggðaáætlun. SSV sótti um styrki vegna tveggja verkefna, annars vegar vegna Vínlandsseturs í Dalabyggð og hins vegar vegna verkefnis sem ber heitið Nýsköpunarnet Vesturlands. Landshlutasamtök geta sótt um þessa styrki en þeir eru veittir til svæða sem hafa búið við fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

## **7. Vesturland – sókn út úr Covid kreppunni**

Lagt fram minnisblað vegna útfærslu á verkefni varðandi fjármál sveitarfélaga og eflingu atvinnulífs á Vesturlandi. Verkefnið var til umræðu á fundi stjórnar 15 október s.l. Það var síðan kynnt fyrir oddvitum, bæjar- og sveitarstjórum á fundi 3 nóvember s.l. Í kjölfar þess

fundar hefur verkefnið tekið nokkrum breytingum. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að verkefninu og kynna það fyrir sveitarfélögunum á Vesturlandi.

Ástríður Guðmundsdóttir kom á fundinn

## **8. Samningur við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið um rekstur Áfangastaðastofu**

Framlögð drög að samningi við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið um að SSV taki að sér að reka Áfangastaðastofu Vesturlands. Auk þess var lagt fram minnisblað um skiptingu framlags Ferðamálastofu til landshlutasamtaka vegna rekstur Áfangastaðastofa og til verkefna áfangastaðaáætlana. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna áfram að verkefninu og gerir ekki athugasemdir við samningsdrögin eða fyrirhugaða tillögu að skiptingu fjármuna til landshlutasamtakanna eins og hún var kynnt á fundinum

## **9. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands**

Farið yfir stöðu áhersluverkefna Sóknaráætlunar Vesturlands árið 2020 og rætt um ný verkefni fyrir árið 2021. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna áfram að tillögu að verkefnum fyrir árið 2021. Jafnframt var rætt um nýtingu fjármuna í eldri áhersluverkefnum sem ekki hafa verið fullnýttir. Stjórn samþykkti að þeir fjármunir sem eftir standa í verkefninu „Grænn Grundartangi“ renni til Þróunarfélags Grundartanga og þeir fjármunir sem eftir standa í verkefninu „Ímynd Snæfellsness“ fari til Svæðisgarðs Snæfellsness.

## **10. Almenningsamgöngur**

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu að borist hafi upplýsingar um að fyrirhugað sé að gera breytingar á ferðatíðni „Landsbyggðarstrætós“ á Vesturlandi. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er annars vegar til skoðunar að hætta tímabundið rekstri á leið 81 um Borgarfjörð og hins vegar að dregið verði úr á ferðatíðni á leið 58,59 og 82 yfir sumartímann með hliðsjón af því sem áður hefur verið. Vegna þessa samþykkt stjórn SSV eftirfarandi bókun.

*„Stjórn SSV lýsir yfir þungum áhyggjum af fyrirhugaðri skerðingu á akstri landsbyggðarstrætós á Vesturlandi og hvetur Vegagerðina til þess að leita allra leiða til þess að halda áfram rekstri leiðar 81. Nýverið fékk SSV styrk úr byggðaáætlun til þess að skoða möguleika á því að samþætta skólaakstur á Vesturlandi við almenningsamgöngur og leið 81 er afar mikilvæg leið varðandi þau tækifæri sem í samþættingu felast. Þá er mjög brýnt að ferðatíðni á leiðum 57,58,59 og 82 verði aukin yfir sumartímann líkt og gert hefur verið undanfarin 8 ár. Stjórn SSV áréttar fyrri bókanir um mikilvægi þess að Vegagerðin hafi samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga þegar fyrirhugað er að gera breytingar á leiðakerfi almenningsamgangna eða ferðatíðni.“*

## **11. Erindi frá Náttúrustofu Vesturlands**

Lagt fram erindi frá Náttúrustofu Vesturlands þar sem fram kemur að stofan hafa möguleika á því að taka að sér fleiri verkefni og styrkja þannig starfsgrundvöll sinn. Stjórn ræddi erindið og fól framkvæmdastjóra að kynna erindið fyrir stjórnvöldum og sveitarfélögum á Vesturlandi.

Jósef Kjartansson vék af fundi eftir þennan dagskrárlíð

## 12. Slit á eldri samstarfsamningum

Framkvæmdastjóri kynnti að undanfarið hefur verið unnið að því að slíta félögum sem heyrja undir SSV, en starfsemi þeirra tekið breytingum eða hún lögð niður. Stjórn SSV fól framkvæmdastjóra að tilkynna um slit á Vaxtarsamningi, en samningurinn um verkefnið féll úr gildi árið 2015 þegar Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019 tók gildi. Þá samþykkti stjórn að slíta menningarsamningi Vesturlands, en árið 2013 hafði Menningarráð verið lagt niður og sveitarfélögin á Vesturlandi framselt SSV umboð til þess að stýra þeim verkefnum sem kveðið var á um í áðurnefndum samningi. Verkefni samningsins féllu undir Sóknaráætlun Vesturlands þegar hún tók gildi árið 2015. Loks var rætt um slit á hlutafélaginu NVB ehf. sem er í eigu SSV, SSV og Fjórðungssambands Vestfirðinga, en félagið hélt utan um rekstur almenningsgangna í Norðvesturkjördæmi til ársloka 2019 þegar Vegagerðin tók verkefnið yfir. Stjórn NVB ehf. hefur hafið undirbúning að slitum félagsins og var rætt um framkvæmd hennar. Stjórn SSV samþykkti eftirfarandi bókun;

*„SSV ásamt Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi-vestra og Fjórðungssambandi Vestfirðinga eru eigendur NVB ehf., sem stofnað var um rekstur almenningsgangna í landshlutunum með samningi við Vegagerðina. Um áramót 2019/2020 yfirtók Vegagerðin rekstur almenningsgangna og því hefur enginn rekstur verið í félaginu frá þeim tíma. Stjórn NVB ehf., eftir samráð við KPMG, leggur til að félaginu verði slitið án þess að slitanefnd verði skipuð og án þess að auglýst verði eftir kröfum í félagið, þar sem tæpt ár er síðan akstri á ábyrgð félagsins lauk og engar kröfur hafi komið fram á þeim tíma. NVB ehf. leggur einnig til að fela KPMG að sjá um slit félagsins. Stjórn SSV samþykkir tillögu stjórnar NVB um hvernig staðið verði að slitum á NVB ehf.*

## 13. Þjónustusvæði um málefni fatlaðra á Vesturlandi

Lögð fram tillaga frá þjónusturáði um málefni fatlaðra um hvernig þeir fjármunir verði nýttir sem eru í eigu þjónustusvæðisins málefna fatlaðra við slit á félaginu. Í tillögunni segir „Fulltrúar í þjónustusvæði Vesturlands leggja til að fjármunum verði varið til fræðslu fyrir starfsmenn sem starfa innan málaflokksins á Vesturlandi“. Stjórn SSV samþykkti tillöguna.

## 14. Framlögð mál

- a. Fundargerðir annarra landshlutasamtaka
- b. Fundargerð frá fundi í Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
- c. Rætt um útsendingu gagna fyrir stjórnarfundum

Fundi slitið kl. 12.15

Fundarhlé var gert frá kl.11.00 til 11.50 vegna fundar stjórnar SSV með Ungmennaráði Vesturlands.